Skotþing 2022
Skýrsla stjórnar

Skotþing er nú haldið í fyrsta sinn með eðlilegum hætti frá upphafi kóróna faraldurs.
Margir þættir í okkar starfi hafa riðlast á liðnu ári bæði vegna faraldursins en einnig vegna breyttra áherslna hjá okkar stærstu regnhlífarsamtökum ISSF og ESC. Ljóst er að þörf er á að endurskoða marga þætti starfseminnar sem snúa að menntun, þjálfun og afreksstarfi og er sú vinna þegar hafin.

Ný verkefni sem snúa að aðild okkar að FITASC í Compak Sporting og auknum áhuga á Bench Rest eru einnig fyrirliggjandi og munum við leita til ÍSÍ sem fyrr um ráðgjöf en einnig til ykkar sem eruð í forsvari fyrir aðildarfélögin.

Nánast allt námskeiðshald hefur legið niðri á síðustu tveimur árum og munum við leggja áherslu á að byggja upp okkar starf við breyttar aðstæður með auknum áherslum á þeim vettvangi. Munum við fjalla betur um þessi atriði síðar á þinginu undir liðnum önnur mál.

Iðkun skotíþrótta á Íslandi hefur aldrei verið meiri og samkvæmt síðustu starfskýrslum eru iðkendur 5988 frá 17 héraðssamböndum. Með stöðugri aukningu iðkenda eru aðstöðumál aðildarfélaga æ brýnni, en sem í mörgum öðrum íþróttum eru mörg bæjarfélög illa upplýst og jafnvel áhugalaus um mikilvægi aðstöðu til æfinga og keppni. Skotíþróttir eiga jafnvel við stærri vanda að etja en flestar aðrar íþróttir þar sem að öll aðstaða utandyra krefst staðsetningar utan bæjarkjarna vegna hávaðamengunar.

Þrátt fyrir mikla fjölgun iðkenda á undanförnum árum hefur útiskotsvæðum fækkað og er komið svo að horfir til vandræða, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem landrými er af skornum skammti. Er ljóst að við þurfum að standa saman í þessari baráttu og hvetjum við sambandsaðila til að upplýsa bæjarfélög og stjórnvöld um ágæti okkar íþróttar og mikilvægi aðstöðu til öruggrar iðkunar á einni fjölmennustu íþrótt sem stunduð er hérlendis.

Þrátt fyrir erfið skilyrði til æfinga og keppni vegna Kóróna faraldurs og aðstöðuleysis var árangur keppenda árið 2021 með ágætum og verður hér farið yfir helstu verkefni og Íslandsmet í tímaröð.

9.maí:
Landsmót STÍ í Skeet í Hafnarfirði.
Pétur T Gunnarsson SR jafnar Íslandsmet í final 56/60

10.maí:
Heimsbikarmót ISSF í Lonato á Ítalíu.
Ísland sendi fjóra keppendur, tvo í karlaflokki og tvo í flokki kvenna.
Bestum árangri náði Hákon Þór Svavarsson 116/125

2.júní:
Evrópumeistaramót ESC í öllum greinum í Osijek í Króatíu.
Ísland sendi sex keppendur þrjá karla og tvær konur í Skeet og einn keppanda í 50m og 300m riffli.
Bestum árangri náði Jón Þór Sigurðsson í 300m riffli og setti magnað Íslandsmet 595/600

6.júní:
Landsmót STÍ í Norrænu Trappi á Blönduósi.
Sigurður Pétur Stefánsson MAV setur Íslandsmet í unglingaflokki karla 101/150
Snjólaug M Jónsdóttir MAV setur Íslandsmet í kvennaflokki 115/150

22.júní:
Ásgeir Sigurgeirsson vinnur sér keppnisrétt á ÓL í Tókíó í Loftskammbyssu.
Við úthlutun á síðustu tveimur síðustu Kvótasætunum í loftskammbyssu er Ásgeir stigahæstur og ávinnur sér keppnisrétt.

12.júlí:
Landsmót STÍ í Skeet í Hafnarfirði.
Helga Jóhannsdóttir SÍH setur nýtt Íslandsmet í Skeet kvenna 107/125

16.-17.júlí:
Íslandsmeistaramót STÍ BR 50 á Akureyri.
Fimm ný Íslandsmet voru sett á mótinu.

Heavy Varmint: Kristján Arnarson SKH 741-33x stig

Light Varmint: Wimol Sudee SKH 724-29x stig
Light Varmint Unglingar: Sóley Þórðardóttir SA 628-13x stig

Sporter: Kristján Arnarson SKH 735-28x stig
Sporter Unglingar: Sóley Þórðardóttir SA 611-5x stig

24.júlí:
Ásgeir Sigurgeirsson lýkur keppni á ÓL í Tókíó á 570/600 í 28.sæti af 36 keppendum.

25.ágúst:
Lapua European Cup Árósum í Danmörku.
Ísland sendi einn keppanda Jón Þór Sigurðsson sem keppti í 300m liggjandi 587/600

25.ágúst:
Evrópumeistaramót FITASC í Compak Sporting Signes í Frakklandi.
Ísland átti þrjá keppendur á mótinu og bestum árangri náði Felix Jónsson í unglingaflokki hann hafnaði í 17. Sæti 164/200

29.ágúst:
Íslandsmeistaramót STÍ í Norrænu Trappi á Blönduósi.
Þrjú ný íslandsmet voru sett á mótinu.
Snjólaug M Jónsdóttir MAV í kvennaflokki 122/150
Liðakeppni karla: Jón Valgeirsson, Stefán Kristjánsson og Þórir Ingi Friðriksson SÍH, 370 stig
Liðakeppni unglinga karla: Elyass Kristinn Bouanba, Jón Gísli Stefánsson og Haraldur Holti Líndal MAV með 233stig.

12.september:
Grand Prix of Cyprus á Kýpur.
Jón Valgeirsson nær frábærum árangri í Compak Sporting
Sjötta sæti af 130 keppendum í opnum flokki. 187/200

3.október:
Úrslit Lapua Cup mótaraðarinnar í Winterthur í Sviss.
Jón Þór Sigurðsson keppir í úrslitakeppni Lapua Cup fyrstur Íslendinga 570/600

23.október:
Íslandsmeistaramót Sport Skammbyssa í Kópavogi.
Ívar Ragnarsson SFK setur nýtt Íslandsmet í flokki karla 571/600
Og SFK í liðakeppni Friðrik Goethe, Ívar Ragnarsson og Jón Þór Sigurðsson 1687 stig.

24.október:
Íslandsmeistaramót Gróf Skammbyssa í Kópavogi.
Ívar Ragnarsson SFK setur Íslandsmet í flokki Karla 570/600
Og SFK í liðakeppni Friðrik Goethe, Ívar Ragnarsson og Jón Þór Sigurðsson 1680 stig.

30.október:
Íslandsmeistaramót 50m liggjandi riffli í Kópavogi.
Bára Einarsdóttir SÍ setur Íslandsmet í kvennaflokki 618,3

11.desember:
Landsmót STÍ 50m Liggjandi riffli í Reykjavík.
Viktoría Erla Þ. Bjarnason SR setur Íslandsmet í unglingaflokki kvenna 576,9 stig.

16.desember:
Ásgeir Sigurgeirsson og Helga Jóhannsdóttir eru valin Skotíþróttakarl og kona ársins 2022.

Ég vil að lokum þakka sambandsaðilum samstarfið á liðnu ári og vona að félög og samband vinni enn þéttar saman á komandi árum skotíþróttum til heilla.

Fyrir hönd stjórnar Skotíþróttasambands Íslands,

Halldór Axelsson formaður
2.apríl 2022